

Reglur um niðurgreiðslur á þáttökugjöldum á almennum matarmörkuðum, sem þriðji aðili stendur að.

- 1 Allir skuldlausir félagar eiga rétt á að sækja um niðurgreiðslu á þáttökugjaldi á almennum matarmörkuðum sem þriðji aðili stendur að, enda hafi þeir tilskilin leyfi til framleiðslu á matvælum.
- 2 Almennur matarmarkaður sem þriðji aðili stendur að er t.d. matarmarkaður Búrsins, markaður á bæjarhátíðum, samkomur sem félagasamtök eða hver annar skipuleggur matarmarkað þar sem krafist er þáttökugjalds.
- 3 Samþykkt niðurgreiðsla gerir BFB ekki á nokkurn hátt ábyrgan fyrir framkvæmd markaðarins.
- 4 Samþykkt niðurgreiðsla gerir BFB ekki á nokkurn hátt ábyrgan fyrir BFB félagi komi til kvörtunar vegna hátternis, framkomu eða gallaðra vöru sem boðin er til sölu á viðkomandi markaði.
- 5 Stjórn BFB ákveður hverju sinni hvort niðurgreiða eigi þáttökugjald á markaði og hver upphæðin er.
- 6 BFB samþykkir á stjórnarfundi að niðurgreiða þáttökugjald á markaði og skulu allir skuldlausir félagar eiga rétt á niðurgreiðslum á þeim markaði, saman ber reglu nr 1. Tilkynning skal send á póstlista félagsins ásamt eyðublaði þar sem BFB félagar skulu sækja um niðurgreiðsluna og senda til baka á formann BFB.
- 7 Samþykki stjórn BFB að standa að eða vera beinn þátttakandi í matarmarkaðshaldi, gilda þessar reglur ekki, heldur verða settar sér reglur.
- 8 BFB félagi fyrirgerir sér rétti til niðurgreiðslna, verði hann uppvís að óviðeigandi háttvísi, selji ítrekað gallaðar vörur eða missi framleiðsluleyfi.

Samþykkt á stjórnarfundi 12. Apríl 2014.